

Gjafvarnarkostnað stefnda, kr. 48.486, ber að greiða úr ríkissjóði, þar af málflutningslaun talsmanns stefnda, Sveins H. Valdimarssonar hæstaréttarlögmans, kr. 32.250.

Þrátt fyrir nokkurn drátt á uppkvaðningu dóms þessa, sem stafar af embættisönnum dómara, hefur dómara ekki þótt ástæða til, að málið yrði flutt að nýju.

Dómsorð:

Stefndi, oddviti Reykdælahrepps f. h. hreppsjóðs hreppsins, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, oddvita Skútustaða-hrepps f. h. hreppsins, í máli þessu.

Gjafvarnarkostnaður stefnda, kr. 48.496, greiðist úr ríkissjóði, þar af málflutningsþóknun skipaðs talsmanns hans, Sveins H. Valdimarssonar hæstaréttarlögmans, kr. 32.250.

Miðvikudaginn 24. maí 1978.

Nr. 81/1976.

Ákærvaldið

(Bragi Steinarsson

settur vararíkissaksóknari)

gegn

Ole Anton Bielvedt

(Logi Guðbrandsson hrl.)

Fjólu Valgerði Jónsdóttur og

Gunnari Jónssyni Sólnes

(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.).

Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Eigi verður séð, að skattframtöl Sjóntvarpshússins h/f árin 1970 og 1971 og söluskattskýrslur fyrir árin 1969 og 1970,

hafi verið lögð fram við rannsókn málsins fyrir sakadómi. Er hér þó um slík undirstöðugögn að ræða, að nauðsyn var að kynna hinum ákærðu þau og gefa þeim kost á að tjá sig um þau, sbr. 78. gr. laga nr. 82/1961, sbr. síðar sömu grein laga nr. 73/1973 og laga nr. 74/1974, svo og að leiða í ljós, hverjir önnuðust skil á skattframtölum og söluskattskýrslum þessum til skattstjóra. Í skýrslu rannsóknadeildar ríkisskattstjóra 10. maí 1972, sem greinir í héraðsdómi, er talið, að mjög hafi skort á, að bókhald Sjónvarpshússins h/f væri fært á lögmæltan hátt. Eigi hefur þó við dómsrannsókn málsins verið rannsakað sjálfstætt, hvernig bókhaldinu var háttað, og eigi eru nein bókhaldsgögn meðal þeirra skjala, sem lögð voru fram við rannsókn málsins fyrir sakadómi.

Vegna þeirra galla á rannsókn málsins, sem nú er lýst, verður að ómerkja héraðsdóminn og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Eftir þessum úrslitum ber að leggja allan áfrýjunarkostnað sakarinnar á ríkissjóð, þar með talin málsvarnarlaun skipaðra verjenda ákærðu fyrir Hæstarétti, verjenda ákærða Ole Antons Bieltvedt 80.000 krónur og verjenda ákærðu Fjólu Valgerðar Jónsdóttur og Gunnars Jónssonar Sólness 120.000 krónur.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur er ómerkur, og er málinu vísað heim í hérað til frekari rannsókna og dómsálagningar að nýju.

Allur áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðra verjenda ákærðu fyrir Hæstarétti, verjenda ákærða Ole Antons Bieltvedt, Loga Guðbrandssonar hæstaréttarlögmans, 80.000 krónur, og verjenda ákærðu Fjólu Valgerðar Jónsdóttur og Gunnars Jónssonar Sólness, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmans, 120.000 krónur.

Dómur sakadóms Akureyrar 22. október 1975.

Árið 1975, miðvikudaginn 22. október, var á dómþingi saka-
dóms Akureyrar, sem háð var í Arnarhvoli, Reykjavík, af Hjalta
Zóphóníassyni setudómara sem dómsformanni og meðdómsmön-
nunum Sigurði Stefánssyni og Ólafi G. Sigurðssyni, löggiltum end-
urskoðendum, kveðinn upp dómur í málinu: Ákærvaldið gegn
Fjólu Valgerði Jónsdóttur, Gunnari Sólnes og Ole Anton Bielt-
vedt.

Málið er höfðað með ákæru, dags. 12. desember 1974, gegn:

1. Ole Anton Bieltvedt forstjóra, Fellsmúla 9, Reykjavík, fædd-
um 6. október 1942 í Alvdal Noregi,
2. Fjólu Valgerði Jónsdóttur verslunarkonu, Skarðshlíð 9, Ak-
ureyri, fæddri 27. október 1922 á Sauðárkróki, og
3. Gunnari Jónssyni Sólnes héraðsdómslögmanni, Bjarkarstíg 4,
Akureyri, fæddum 12. mars 1940 á Akureyri.

Ákærðu er öllum gefið að sök, að þau hafi gerst sek um skatt-
svik og bókhaldsbrot í sambandi við rekstur Sjóнварpshússins h/f
á Akureyri, og er sakargiftum og dómkröfum lýst þannig í ákæru:
„I. Skattsvik.

1. Dregið undan við framtal til söluskatts fyrir Sjóнварpshúsið
h.f. söluskattskylda veltu á árinu 1969 kr. 500.000 og á árinu
1970 kr. 1.700.000 og tilsvarendi söluskatt að fjárhæð kr.
189.440 fyrir bæði árin.
2. Dregið undan við framtal til tekjuskatts og eignarskatts fyrir
Sjóнварpshúsið h.f. á skattárinu 1969 hreinar tekjur að fjár-
hæð kr. 300.000 og á skattárinu 1980 hreinar tekjur kr.
100.000, sem síðan leiddi til lægri tekjuskattsálagningar en
vera bar um kr. 80.800 bæði árin. Þá er ákærðu einnig gefið
að sök að hafa á sömu skattárum dregið gjaldstofna undan
álagningu eignarskatts, skattárið 1969 kr. 300.000 og skattárið
1970 kr. 400.000, sem einnig leiddi til lægri álagningar eign-
arskatts en vera bar um kr. 4.949 fyrir bæði árin.
3. Dregið undan álagningu tekjuútsvars á Sjóнварpshúsið h.f.
tekjur að fjárhæð kr. 291.400 skattárið 1970 og tekjur kr.
100.000 skattárið 1971, sem síðan leiddi til lægri álagningar
tekjuútsvars en vera bar um samtals kr. 104.746 fyrir bæði
árin. Þá er ákærðu enn gefið að sök að hafa dregið gjald-
stofna undan álagningu aðstöðugjalds skattárið 1969 kr.
190.000 og gjaldárið (sic) 1970 kr. 1.430.000, sem leiddi til
of lágrar aðstöðugjaldsálagningar um kr. 16.200 samtals.

Teljast ákærðu með þeim sakarefnum, sem rakin eru í liðum 1.—3. incl., hafa gerst brotleg við þau lagaákvæði, sem hér greinir: Með 1. lið við 26. gr. laga um söluskatt nr. 10/1960, sbr. nú 15. gr. laga nr. 10/1974; með 2. lið við 48. gr. laga um tekjuskatt og eingnarskatt nr. 90/1965, sbr. nú 48. gr. laga nr. 68 frá 1971; og með 3. lið við 61. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 51/1964, sbr. 5. gr. laga nr. 67/1965 og 2. mgr. 24. gr. laga nr. 8/1972.

II. Bókhaldsbrot.

Þá er ákærðu gefið að sök að hafa eigi haldið tvíhliða bókhald samkvæmt reglum bókhaldslaga fyrir Sjónvarpshúsið h.f. fyrir reikningsárin 1969 og 1970.

Telst þessi bókhaldsvanræksla ákærðu varða þau refsingu samkvæmt 262. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 1. mgr. 3. gr. og 1. mgr. 4. gr. og 25. gr. bókhaldslaga nr. 51/1968.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmd til refsingar samkvæmt framangreindum refsíákvæðum og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

I. Málavextir.

Hlutfélagið Sjónvarpshúsið, nafnúmer 8134-7247, var stofnað á Akureyri 25. júlí 1968. Tilkynning til hlutfélagaskrár er dagsett 14. október s. á., og félagið er skráð þann sama dag. Stofnendur voru Georg Tryggvason, Tryggvi Haraldsson, Gunnar Sólnes, Hlöðver Örn Vilhjálmsson og Ole Anton Bieltvedt. Tilgangur félagsins var að reka verslun með útvarps-, sjónvarps- og heimilistæki svo og annan skyldan varnig. Stjórn félagsins var skipuð þannig: Ole Anton Bieltvedt formaður, Gunnar Sólnes og Georg Tryggvason. Framkvæmdastjóri með prókúruumboði var ráðinn Jóhann Ævar Jakobsson.

Hinn 18. febrúar 1969 tilkynnir stjórn félagsins til hlutfélagaskrár Akureyrar, að prókúruumboð Jóhanns Ævars Jakobssonar hafi verið afturkallað frá 20. febrúar 1969 að telja. Frá sama tíma var Fjólu Jónsdóttur veitt prókúruumboð og hún jafnframt ráðin framkvæmdastjóri.

Hinn 16. ágúst 1969 seldi Tryggvi Haraldsson hlutabréf sín í félaginu til Nesco h/f í Reykjavík.

Hinn 27. nóvember 1969 seldi Georg Tryggvason hlutabréf sín í félaginu til Nesco h/f í Reykjavík.

Um bókhald Sjónvarpshússins h/f á árunum 1968—1970 sá Hersteinn Tryggvason, Ránargötu 29, Akureyri.

Upphaf máls þessa er, að hinn 16. ágúst 1971 ritaði skattstjóri Norðurlandsumdæmis eystra Sjónvarpshúsinu h/f bréf og fór þess

á leit, að lögð yrði fram sjóðbók, dagbók, viðskiptamannabók, aðalbók, efnahagsbók, afrit af bankareikningum, vörutalningabækur, verslunarbréf og sölulistar yfir sjónvörp og útvörp ásamt samningum um sölu greindra tækja með afborgunarskilmálum og önnur bókhaldsgögn, sem færð hefðu verið fyrir árin 1968—1970. Þau gögn, sem bárust, voru: sjóðdagbók, afrit af bankareikningum, kvittanabækur, sölusamningar með eignaréttarfyrirvara, tilkynningabækur til Ríkisútvarpsins, verslunarbréf og fylgiskjöl með dagbókarfærslum.

Við athugun á þessum innsendu bókhaldsgögnum kom í ljós, að sjóðbók var færð fyrir árið 1968, en aðeins fram að júní árið 1969, og síðan hætta færslur, og ekkert reglulegt bókhald er fært eftir það. Þó hefur verið stillt upp reikningsjöfnuði pr. 31. desember 1969 og 31. desember 1970 í sjóðbókina.

Rannsóknadeild ríkisskattstjóra óskaði eftir því, að bókhald og fylgiskjöl fyrirtækisins fyrir árið 1971 yrði lagt fram, en ekkert bókhald var haldið og aðeins lögð fram nokkur afrit af kvittunum og afrit af tilkynningum til Ríkisútvarpsins.

Athugun rannsóknadeildar ríkisskattstjóra á rekstri fyrirtækisins, sem einkum beindist að innkaupum og sölu tækja á árunum 1968—1971, leiddi í ljós vantalda sölu, sem leitt hafði til of lágrar álagningar opinberra gjalda.

Í framhaldi af þessari lauslegu athugun var af hálfu rannsóknadeildar ríkisskattstjóra framkvæmd ítarleg athugun á bókhaldi og skattframtölum Sjónvarpshússins h/f fyrir rekstrarárin 1968, 1969, 1970 og 1971. Skýrsla rannsóknadeildarinnar, sem dagsett er 10 maí 1972, var send til ríkisskattstjóra.

Með bréfi, dagsettu 12. maí 1972, var formanni stjórnar Sjónvarpshússins h/f, Ole Anton Bieltvedt, send skýrsla rannsóknadeildarinnar og jafnframt tilkynnt, að eins og málið lægi fyrir, gæti orðið að hækka áður álögð gjöld, og var honum gefinn kostur á að koma að þeim skýringum og gögnum, er hann kynni að óska. Bréfi þessu svaraði gjaldandi ekki.

Á grundvelli skýrslu rannsóknadeildarinnar var álagning tekju- og eignarskatts, aðstöðugjalds, tekju- og eignarútsvars og sölu-skatts á Sjónvarpshúsið h/f tekin til endurskoðunar á fundi ríkisskattanefndar hinn 11. ágúst 1972, og voru kveðnir upp úrskurðir um hækkun gjölda sem hér segir:

Tekjuskattur gjaldárið 1970 hækki um kr. 60.600

Tekjuskattur gjaldárið 1971 hækki um kr. 20.200

Eignarskattur gjaldárið 1970 hækki um kr. 2.121

Eignarskattur gjaldárið 1971 hækki um	kr. 2.828
Aðstöðugjald gjaldárið 1970 hækki um	kr. 1.900
Aðstöðugjald gjaldárið 1971 hækki um	kr. 14.300
Tekjuútsvar gjaldárið 1970 hækki um	kr. 79.893
Tekjuútsvar gjaldárið 1971 hækki um	kr. 24.853
Eignarútsvar gjaldárið 1970 hækki um	kr. 2.807
Eignarútsvar gjaldárið 1971 hækki um	kr. 2.847
Viðbótarsöluskattur fyrir árið 1969	kr. 34.883
Viðbótarsöluskattur fyrir árið 1970	kr. 154.557

Hinn 5. september 1972 ritaði ríkisskattstjóri saksóknara ríkisins bréf, dskj. nr. VII, undirnr. 2, varðandi mál Sjóнварpshússins h/f, Akureyri, og óskaði þess, að dómstólar fjölluðu um meint brot félagsins á lögum um tekju- og eignarskatt, lögum um sölu-skatt og lögum um tekjustofna sveitarfélaga. Þá var og vísað til laga nr. 62/1938 og 51/1968 um bókhald og önnur lög, sem varða starfsemi félagsins. Í framangreindu bréfi var tekið fram, að kærufrestur væri ekki liðinn, og yrði tilkynnt um kærur og úrskurði þeirra, ef þær bærust. Slíkar kærur bárust eigi.

Með bréfi saksóknara ríkisins, dags. 11. september 1972, til bæjarfógetans á Akureyri var þess krafist, að mál þetta sætti rannsókn í sakadómi Akureyrar. Bæjarfógetinn á Akureyri, Ófeigur Eiríksson, vék sæti í málinu með úrskurði, uppkveðnum hinn 3. október 1972, og með bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dagsettu 18. desember 1972, var Hjalti Zóphóniásson fulltrúi skipaður til að fara með rannsókn málsins og kveða upp dóm í því, ef til ákæru kæmi. Hann kvaddi síðan til dómstarfa með sér tvo löggilta endurskoðendur, þá Sigurð Stefánsson og Ólaf G. Sigurðsson.

Dómsrannsókn lauk í ársbyrjun 1973, og var ríkissaksóknara sent afrit hennar hinn 3. apríl 1973. Í bréfi, dags. 9. ágúst 1974, fór ríkissaksóknari fram á frekari rannsókn varðandi nokkur atriði málsins, og lauk þeirri rannsókn í nóvember 1974. Ákæra var síðan gefin út 12. desember 1974. Með bréfi, dagsettu 23. apríl 1975, sendi ríkissaksóknari dóminum bréf, þar sem fram var sett ósk Loga Guðbrandssonar hæstaréttarlögmans, verjanda Ole Antons og Fjölu, um, að hlutast yrði til um rannsókn á nánar tilgreindu atriði, en í bréfi, dagsettu 10. maí 1975, svaraði dómurinn því til, að rannsókn þess atriðis væri ekki heppileg í málinu, og með sérstökum úrskurði, sem kveðinn var upp 30. júlí 1975, var synjað kröfu Loga Guðbrandssonar hæstaréttarlögmans um, að dómurinn tæki til rannsóknar meintan fjárdrátt af eignum

Sjónvarpshússins h/f. Þessi úrskurður var ekki kærður til Hæsta-
réttar.

II. Félagsstarfsemi Sjónvarpshússin h/f.

Eins og að framan greinir, var félagið stofnað síðari hluta árs
1968, en um það leyti festi fjöldi fólks kaup á sjónvarpstækjum
vegna tilkomu íslensks sjónvarps. Rekstur Sjónvarpshússins h/f
byggðist aðallega á sölu sjónvarpstækja, sem öll voru keypt hjá
Nesco h/f í Reykjavík. Hvatamenn að stofnun félagsins voru fyrst
og fremst skólabræðurnir Ole Anton Bieltvedt, Gunnar Sólnes og
Georg Tryggvason. Þessir sömu aðiljar mynduðu síðan stjórn
félagsins, og var Ole Anton stjórnarformaður.

Engir formlegir fundir voru haldnir í félaginu utan stofnfundur,
hvorki stjórnarfundir né árlegir hluthafafundir, þótt félags- og
stjórnarmenn hafi á stundum hist og ræðst við um málefni félags-
ins.

Ákærði Ole Anton Bieltvedt hefur borið fyrir dóminum, að eng-
ir formlegir fundir hafi verið haldnir, sem bókaðir hafi verið.
Skortur á slíku hafi meðal annars stafað af því, að sumir hlut-
hafar voru í Reykjavík og aðrir á Akureyri.

Ákærði Gunnar Sólnes kveðst minnst þess, að í febrúar 1969
hafi hann verið kallaður á fund í Reykjavík með Hlöðver Vil-
hjálmssyni, Ole Anton Bieltvedt og Georg Tryggvasyni. Þar hafi
hann rætt um að halda þyrfti aðalfund, og var það samþykkt af
öllum fundarmönnum, en engin ákvörðun var tekin um dagsetn-
ingu í þessu skyni, og fórst fundurinn fyrir. Hann kveður engan
aðalfund hafa verið haldinn né heldur stjórnarfund, a. m. k. hafi
hann aldrei verið boðaður á slíka fundi. Hann kveðst hafa rætt við
stjórnarformanninn um það nokkrum sinnum, að halda þyrfti að-
alfund. Hann kveðst hafa starfað í Reykjavík til ársloka 1971.

Georg Tryggvason hefur fullyrt, að aldrei hafi verið haldinn
formlegur stjórnarfundur í félaginu og aldrei hafi neitt verið bók-
að.

Hlöðver Örn Vilhjálmsson hefur borið, að nokkrir óformlegir
fundir hafi verið haldnir hér í Reykjavík, þar sem málefni Sjón-
varpshússins h/f voru til umræðu.

Tryggvi Haraldsson kveðst ekki vita til, að haldnir hafi verið
fundir í félaginu, ekki einu sinni stofnfundur. Hann kveðst halda,
að stofnendur hafi aldrei allir komið saman á fund.

Ákærða, Fjóla Jónsdóttir, sem ráðin var framkvæmdastjóri með
prókúruumboði frá 20. febrúar 1969, kveðst hafa annast dag-
legan rekstur félagsins. Hafi hún séð um að panta vörur, sækja

þær á flugvöllinn og selja þær í búðinni. Hún kveðst hafa undirritað skattframtöl fyrir árin 1969 og 1970, og hún kveðst enn fremur hafa undirritað söluskattskýrslur, sem skilað var, en hins vegar hafi **Hersteinn Tryggvason, sonur sinn, tekið þær saman.**

Hersteinn Tryggvason kveðst hafa verið ráðinn til að annast bókhald félagsins, og sá hann um bókhaldið frá stofnun þess til ársins 1971. Hann kveðst aldrei hafa fengið fyrirmæli um, hvernig haga ætti bókhaldsfærslum né heldur hvaða bækur skyldi halda. Hann kveðst hafa rekið sig á, að vörureikningar bárust eigi alltaf frá Nesco h/f, og einnig hafi hann vantað ýmsar tölur, svo að hann gæti útfyllt skattframtölin árána 1969 og 1970. Eftir að hafa rætt um þetta við sjónvarformanninn, Ole Anton, framkvæmdasjóra Nesco h/f, hafi hann fengið uppgefna tölur, og samdi hann þá skattframtölin svo og þau reikningsskil, sem skattframtölum fylgdu.

Er leið fram á árið 1971, hafi sala sjónvarpstækja stórlega dregist saman, og hinn 1. október var rekstri verslunarinnar, sem félagið hafði rekið á Akureyri, hætt og vörubirgðir endursendar til Nesco h/f.

III. Rekstur og sölustarfsemi Sjónvarpshússins h/f.

Lýst verður, hvernig rekstri félagsins var hagað, en hann var að langmestu leyti fölginn í sölu sjónvarpstækja, sem öll voru keypt hjá Nesco h/f í Reykjavík. Lýtur skattsvikaáákæra málsins að því, að í framtölum félagsins hafi sala sjónvarpstækja verið vantalin.

Í skýrslu rannsóknadeildar ríkisskattstjóra er því nákvæmlega lýst, til hvernar niðurstöðu könnun hennar á fjölda keyptrar og seldra sjónvarpstækja leiddi. Reiknaði deildin á þennan hátt niðurstöðutölur fyrir sölu sjónvarpstækja.

Í fyrsta lagi var stuðst við tilkynningar fyrirtækisins til Ríkisútvarpsins, afborgunarsamninga og kvittanahefti. Samkvæmt þessari uppgjörsaðferð nam heildarsala árin 1968—1971 kr. 11.910.975.

Í öðru lagi var heildarsala reiknuð eftir söluskattskýrslum á umræddum árum. Samkvæmt þessari uppgjörsaðferð nam heildarsala árin 1968—1971 kr. 9.997.783.

Í þriðja lagi var aflað gagna hjá Nesco h/f og lagðir fram sölu-reikningar yfir alla sölu Nesco h/f til Sjónvarpshússins h/f á árunum 1968—1971. Síðan var reiknað útsöluverð tækjanna

og þá stuðst við það verð, sem tilgreint er í fyrirbyggjandi samningum á hverjum tíma á árunum 1968—1970, en útsöluverð varanna var reiknað af Nesco h/f fyrir árið 1971. Samkvæmt þessari uppgjörsaðferð varð heildarsala árin 1968—1971 kr. 12.275.566, en heildarinnkaup fyrir umrædd ár voru fyrir kr. 10.017.475 samkvæmt bókhaldi Nesco h/f.

Ákærða Fjöla hefur mótmælt því, að niðurstöður ríkisskattnefndar verði lagðar til grundvallar sem ákærugrundvöllur, og jafnframt talið, að þær niðurstöður, sem ríkisskattstjóra „þykir hæfilega ákveðnar“, verði með engu móti jafnaðar til sönnunar í opinberu máli. Ákærða dregur stórlega í efa, að þessi háttur við útgáfu ákæru fái staðist, og sé kært vegna undandrátta mun hærri fjárhæðar en sannað sé eða sennilegt gert, að félagið hafi dregið sér, og af hálfu ákærða Ole Antons er talið, að niðurstöður rannsóknadeildar ríkisskattstjóra séu fremur of en van reiknaðar, þótt þær séu ekki beinlínis vefngdar.

Verður nú tekið til umfjöllunar og kannað, að hvaða marki leggja má skýrslu rannsóknadeildar til grundvallar og hvað telst sannað um heildarsölu Sjónvarpshússins h/f á árunum 1968—1971.

Við athugun á innsendum bókhaldsgögnum kemur fram, að sjóðdagbók er aðeins færð frá 9. október 1968 fram til miðs árs 1969. Sjóðdagbókin virðist færð eftir á. Á miðju ári 1969 hætta færslur í sjóðdagbók og ekkert reglulegt bókhald fært eftir það.

Á árinu 1969 var uppgæfin sala 1. ársfjórðung kr. 482.640, sem stemmir við dagbók, en síðan er gefin upp sala samtals á tímabilinu apríl—desember 1969 kr. 4.243.816, en sambærilegar tölur er ekki að sjá í sjóðdagbók, enda ekki færð eftir mitt ár.

Samtals uppgæfin sala samkvæmt söluskattskýrslum árin 1968—1971 er:

Árið 1968	kr.	2.841.687
Árið 1969	—	4.726.486
Árið 1970	—	1.802.610
Árið 1971	—	627.000
		<hr/>
Samtals	kr.	9.997.783

Rannsóknadeild ríkisskattstjóra lét reikna útsöluverð vara samkvæmt innkaupareikningum, og nam hún:

Árið 1968	kr.	3.635.269
Árið 1969	—	5.643.639

Árið 1970 kr. 3.235.724

Árið 1971 — 239.066

Samtals kr. 12.275.566

Hinir sérfróðu meðdómsmenn hafa yfirfarið þennan útreikning og ekki séð ástæðu til að vefengja hann. Samkvæmt þessu telst því sannað, að vanfærð sala til söluskatts hafi numið kr. 2.277.783, og verða niðurstöður rannsóknadeildar ríkisskattstjóra lagðar til grundvallar svo og úrskurðir ríkisskattanefndar.

Samkvæmt ofangreindu telst undanskot vegna vantalinnar sölu hafa leitt til of lágrar álagningar gjalda sem hér segir:

Tekjuskattur gjaldárin 1970—71	kr.	80.800
Eignarskattur gjaldárin 1970—71	—	4.949
Aðstöðugjald gjaldárin 1970—71	—	16.200
Tekjuútsvar gjaldárin 1970—71	—	104.746
Eignarútsvar gjaldárin 1970—71	—	5.654
Viðbótarsölusk. árin 1969—1970	—	189.440

Samtals kr. 401.789

Í ákæru er þess krafist, að ákærðu, Fjóla Jónsdóttir, Gunnar Sólnes og Ole Anton Bieltvedt, verði látin sæta ábyrgð vegna framangreinds undanskots tekna, og verður sú krafa tekin til greina. Gunnar Sólnes og Ole Anton Bieltvedt voru báðir í stjórn félagsins á þeim tíma, sem hér skiptir máli. Fjóla Jónsdóttir var framkvæmdastjóri félagsins á föstum launum hjá félaginu og annaðist í samráði við bókhaldara félagsins útfyllingu og innsendingu skattskýrslna. Verður þeim því dæmd refsing samkvæmt framsögðu, þar sem þau teljast hafa gerst brotleg við eftirfarandi lagaákvæði: Varðandi undandrätt við framtal söluskatts, sbr. ákærulið I, 1., 26. gr. laga um söluskatt nr. 10/1960, sbr. nú 15. gr. laga nr. 10/1974; varðandi undandrätt við framtal til tekjuskatts og eignarskatts, sbr. ákærulið I, 2., 48. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt nr. 90/1965, sbr. nú 48. gr. laga nr. 68/1971, og varðandi undandrätt við framtal til tekjuútsvars, eignarútsvars og aðstöðugjalds, sbr. ákærulið I, 3., 61. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 51/1965, sbr. 5. gr. laga nr. 67/1965 og 2. mgr. 24. gr. laga nr. 8/1972.

Við mat refsingar samkvæmt þessum þætti verða eftirfarandi atriði höfð í huga:

Ákærða Fjóla var ekki í stjórn félagsins, en hún var ráðin framkvæmdastjóri félagsins með prókúruumboði, og hún annaðist daglegan rekstur og gekk frá framtölum Sjónvarpshússins h/f.

Ákærði Gunnar virðist hafa haft lítil afskipti af rekstri félagsins og engan þátt átt í framtölum þess. Hann verður þó sem stjórnarmaður að bera ábyrgð á undandrætti þeim á sölu, sem fram hefur komið hjá félaginu.

Ákærði Ole Anton, formaður stjórnar Sjónvarpshússins h/f, var jafnframt framkvæmdastjóri Nesco h/f, sem seldi Sjónvarpshúsinu h/f öll þau sjónvarpstæki, sem þar voru seld, og hann var í stöðugu sambandi við Fjólu Jónsdóttur og fylgdist því náið með rekstri Sjónvarpshússins h/f.

Ástæða þykir til að taka sérstaklega fram, að skyldur stjórnarmanna í hlutafélögum eru einkum í því fölgnað að halda nauðsynlega fundi til ákvarðanatöku um meiri háttar atriði í rekstri hlutafélags, þ. á m. að halda árlega hluthafafundi, sbr. 30. gr. laga nr. 77/1921 um hlutafélög, þannig að þeir geti á sérhverjum tíma fylgst með stöðu og hag félagsins og gert hluthöfum grein fyrir hag félagsins og rekstri. Hugsanlegt er, að einstakir stjórnarmenn hafi ekki aðstöðu til að afla sér vitneskju um misfellur eða ágalla í rekstri hlutafélags um eitthvert stutt skeið, en ætlast verður til af þeim, að þeir hafi eftirlit árlega og syðjist þá einkum við upplýsingar úr bókhaldi, efnahags- og rekstrarreikningi o. s. frv. Sú staðreynd, að eigi var haldinn neinn formlegur fundur í Sjónvarpshúsinu h/f í tæp þrjú ár, segir sína sögu, og má af henni draga vissar ályktanir, m. a. að félagið virðist alls ekki hafa verið rekið sem hlutafélag í reynd, heldur miklu fremur sem sameignarfélag eða jafnvel sem útibú frá Nesco h/f. Benda má á, að Nesco h/f var orðinn eigandi 40% hlutafjár í nóvember 1969 auk þess sem stjórnarformaður Sjónvarpshússins h/f, sem jafnframt var framkvæmdastjóri Nesco h/f, átti 20%.

IV. Bókhaldsbrot.

Í ákæruskjali er ákærðu gefið að sök „að hafa ekki haldið tvíhliða bókhald samkvæmt reglum bókhaldslaga fyrir Sjónvarpshúsið h/f fyrir reikningsárin 1969 og 1970“. Er vísað til 262 gr. almennra hegningarlaga, sbr. 1. mgr. 3. gr. og 1. mgr. 4. gr. og 25. gr. bókhaldslaga nr. 51/1968.

Sjónvarpshúsið var bókhaldsskytt skv. 2. gr. laga nr. 51/1968.

Bókhald Sjónvarpshússins h/f fyrir árin 1969 og 1970 var ekki

fært sem tvöfalt bókhald samkvæmt reglum bókhaldslaga. Eftir júní 1969 var sjóðdagbók t. d. ekki færð samkvæmt fyrir mælum 1. ml. 3. gr., 1. ml. 4. gr., 5. gr. og 7. gr. laga nr. 51/1968. Númer vantaði í röð samninga með eignarréttarfyrrvara, yfirlitsreikningar skv. 9. gr. bókhaldslaga voru ekki færðir, viðskiptamanna-bók skv. 8. gr. sömu laga var ekki haldin, og yfirleitt var ekki farið eftir ákvæðum bókhaldslaga.

Hersteinn Tryggvason átti að annast að öllu leyti bókhald Sjóvarpshússins h/f, og verður ekki séð, að neinn annar hafi komið þar nærri. Þer hann meginábyrgð á bókhaldsvanrækslu þeirri, sem nú hefur verið lýst.

Ákærðu Fjólu sem framkvæmdastjóra og ákærðu Gunnari og Ole Anton, sem báðir voru í félagsstjórn, sá síðarnefndi sem stjórnarformaður, þar að fylgjast með meginatriðum rekstrarins, og verður þeim því dæmd refsing fyrir vanræksluna, sem telst réttilega varða við 262. gr. alm. hegningarlaga, sbr. 1. mgr. 3. gr. og 1. mgr. 4. gr. og 25. gr. bókhaldslaga nr. 51/1968.

Af hálfu verjanda ákærðu Fjólu hefur því verið haldið fram, að einungis stjórn félagsins beri ábyrgð á því, að bókhald félagsins sé lögum samkvæmt, sbr. 4. gr. laga nr. 51/1968 og 2. mgr. 32. gr. laga nr. 77/1921, og sé framkvæmdastjóri ekki meðal þeirra stjórnenda, sem hin tilvitnuðu lagaákvæði vísa til, og í raun hafi hún ekki verið framkvæmdastjóri nema að nafninu til.

Á það verður eigi fallist, að 4. gr. bókhaldslaga nái einvörðungu til stjórnarmanna í hlutafélögum, þótt í 32. gr. hlutafjárlaga sé aðeins nefnd félagsstjórn, því að í 57. gr. sömu laga segir, að stjórnendur, skilaneftarmenn o. fl. skuli sæta sektum, ef þeir vanrækja verulega starf sitt í þarfir félagsins, enda liggja eigi þyngri refsing við samkvæmt öðrum lögum.

Samkvæmt þessu verður ákærða Fjóla einnig talin bera ábyrgð á vanrækslunni, enda mátti henni vera ljóst, þá er hún undirritaði skattskýrslur, í hvernig horfi bókhaldið var, þó svo að hún gæti haldið, að einhverjir þættir bókhaldsins, t. d. víxilreikningar, væru færðir hjá Nesco h/f í Reykjavík.

Að kröfu verjanda ákærða Gunnars verður athugað, hvort brot þau, sem ákært er fyrir, séu fyrnd.

Í þessu sambandi athugast, að hér er um að ræða samfellda sölu fyrirtækis, þar sem samkynja athafnir voru framdar í því skyni að leyna undandrætti í sölu Sjóvarpshússins h/f til skatts, og þykir því eðlilegast að telja, að fyrningarfrestur hefjist ekki fyrir

en við lok brotastarfseminnar á árinu 1971, sbr. upphafsákvæði 1. mgr. 82. gr. almennra hegningarlaga.

Verður því ekki talið, að sök hafi verið fyrnd, þá er réttarrannsókn hófst hinn 3. október 1972.

V. Krafa um greiðslu skatta.

Bæjarfógetinn á Akureyri hefur í bréfi, dags. 13. febrúar 1975, dskj. nr. XII, krafist þess, að ákærðu verði dæmd til að greiða þinggjöld og söluskatt að viðbættum vöxtum samkvæmt sundurliðuðu yfirliti hans, dags. 3. september f. á., að frádregnum kr. 10.785, sem greiddust upp í skuldina við aðför hinn 30. október 1974, en bæjarfógeti telur ákærðu ábyrg fyrir þessari skuld.

Eins og fram er komið, voru upphaflega 5 hluthafar sem stofnendur félagsins. Einn þeirra seldi Nesco h/f hlutabréf sín þann 16. ágúst 1969, og annar hluthafi seldi Nesco h/f hlutabréf sín þann 27. nóvember 1969.

Fjöldi hluthafa í félaginu var því orðinn minni en áskilið er í lögum um hlutafélög nr. 77/1921, og samkvæmt 38. gr. þeirra laga hætti félagið þar með að uppfylla skilyrði laganna til að teljast hlutafélag. Bar skilyrðislaust að kalla saman félagsfund og slíta félaginu fyrst ekki var bætt úr innan þriggja mánaða. Í 38. gr. hlutafjárlaga segir enn fremur, að ef félagi er haldið áfram að þessum fresti liðnum, ábyrgist þeir, er vísitandi um ástandið geri samning fyrir hönd félagsins, allir fyrir einn og einn fyrir alla efndir hans.

Í orðalaginu „gera samning“ felst eigi aðeins hin þrönga lögfræðilega túlkun á hugtakinu „samningur“, heldur ber að túlka það svo rúmt, að það nái yfir og tákni nánast að „stofna til skuldbindinga“.

Samkvæmt framansögðu verður að telja, að þeir stjórnarmenn, sem voru vísitandi um ástandið, hafi bakað sér ábyrgð á greiðslu skatta, er lagðir voru á eftir þennan tíma. Enginn vafi leikur á því, að ákærða Ole Anton var kunnugt um ástandið, þar sem hann var kaupandi 40% hlutafjárins fyrir hönd Nesco h/f. Ef kannað er, hvort ákærði Gunnar hafði vitneskju um sölu hlutabréfanna, má líta á framburð hans fyrir dómi hinn 18. janúar 1973, en þar kvaðst hann hafa frétt á skotspónum, að Tryggvi og Georg hefðu selt hlutabréf sín. Hann hafði þá samband við Ole Anton og vildi losna úr félaginu, en eftir viðræður við Ole Anton samþykkti hann að bíða, þar sem í ráði var að slíta félaginu. Verður samkvæmt þessu talið, að ákærða Gunnari hafi verið fullkunn-

ugt um, hvernig komið var, og sú staðreynd, að hann aðhafðist ekkert til að fá félaginu slitið innan frestsins, fellir á hann skulda-ábyrgð.

Þessu næst verður athugað, hvort krafa bæjarfógetans falli undir þær kröfur, sem hafa má uppi í opinberu máli samkvæmt 3. gr. laga nr. 74/1974. Þar sem hér er um að ræða skattakröfu, sem hefur á sér refsikenndan blæ, þ. e. vegna undandreginna skatta, og rót sína á að rekja til refsiverðrar háttsemi, má leggja dóm á kröfuna.

Af hálfu verjanda ákærða Ole Antons hefur því verið mótmælt, að dómur verði lagður á þessa kröfu, þar sem kröfugerðin er ekki tekin upp í ákæruskjal ríkissaksóknara.

Þar sem afdráttarlaust virðist samkvæmt 3. mgr. 118. gr. laga nr. 73/1973, sbr. 3. tl. 2. mgr. 115. gr. sömu laga, sbr. nú sömu lagatiltvitnanir í lögum nr. 74/1974, að í refsimáli komist ekki aðrar kröfur að en þær, sem ákærvaldið tekur fram í ákæruskjali, verður ekki lagður dómur á þessa kröfu í þessu máli.

VI. Viðurlög.

Við refsíákvörðun í málinu verður höfð hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga. Þá ber einnig að taka tillit til þess, að bæjarsjóður Akureyrar hefur fengið greidd gjöld þau, sem ríkisskattanefnd hækkaði, alls um kr. 145.900, vegna gjaldáranna 1970 og 1971, og rúmlega 10 þús. krónur hafa greiðst upp í hin hækkuðu gjöld til ríkissjóðs.

Ákærða Fjóla Valgerður hefur ekki áður sætt kærnum né refsingum, svo kunnugt sé.

Ákærði Gunnar hlaut í sakadómi Akureyrar 4.000 króna sekt hinn 31. janúar 1973 fyrir brot gegn áfengis- og umferðarlögum.

Ákærði Ole Anton hefur frá árinu 1967 sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

1967 21/7 í Reykjavík: Sátt, 32.000 króna sekt fyrir brot gegn 261. gr. almennra hegningarlaga.

1968 22/5 í Reykjavík: Dómur: 4 mánaðafangelsi, skilorðsbundið í þrjú ár, fyrir brot gegn 248. og 261. gr. almennra hegningarlaga.

1969 16/5 í Reykjavík: Dómur: 5 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 247. og 261. gr. almennra hegningarlaga.

Refsing ákærðu Fjólu Valgerðar þykir hæfilega ákveðin 200.000 króna sekt; refsing ákærða Gunnars 150.000 króna sekt; og rétt þykir, eins og efni þessa máls er háttað, að dæma ákærða Ole

Anton bæði sekt og refsivist, sbr. 2. mgr. 49. gr. almennra hegningarlaga, og verður hún ákveðin 3 mánaða fangelsi og 600.000 króna sekt. Sektirnar renni í ríkissjóð. Verði þær eigi greiddar innan 4 vikna frá birtingu þessa dóms, komi fyrir þær varðhald þannig: fyrir sekt ákærðu Fjólu varðhald 75 daga, fyrir sekt ákærða Gunnars varðhald 60 daga og fyrir sekt ákærða Ole Antons varðhald 150 daga.

VII. Sakarkostnaður.

Ákærða Fjóla greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Georgs Tryggvasonar lögfræðings, kr. 50.000.

Ákærði Gunnar greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Loga Guðbrandssonar hæstaréttarlögmans, kr. 28.000.

Ákærði Ole Anton greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Loga Guðbrandssonar hæstaréttarlögmans, kr. 60.000.

Annar kostnað sakarinnar greiði ákærð in solidum.

Dómsorð:

Ákærða Fjóla Valgerður Jónsdóttir, greiði 200.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 75 daga í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Gunnar Sólnes Jónsson greiði 150.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 60 daga í stað sektarinnar, ef hún verður eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu þessa dóms.

Ákærði Ole Anton skal sæta fangelsi 2 mánuði og greiða 600.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 150 daga í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu þessa dóms.

Ákærða Fjóla Valgerður Jónsdóttir, greiði skipuðum verjanda sínum, Georg Tryggvasyni lögfræðingi, kr. 50.000 í málsvarnarlaun.

Ákærði Gunnar Sólnes Jónsson greiði skipuðum verjanda sínum, Loga Guðbrandssyni hæstaréttarlögmanni, kr. 28.000 í málsvarnarlaun.

Ákærði Ole Anton Bieltvedt greiði skipuðum verjanda sínum, Loga Guðbrandssyni hæstaréttarlögmanni, kr. 60.000 í málsvarnarlaun.

Ákærð greiði allan annan kostnað sakarinnar in solidum.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.